

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 65. fundur.

að Hlíðavegi 6, 24. nóvember 2005, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar.
3. Myndavélasafn séra Arnar Friðrikssonar.
4. Bréf Umhverfissráðuneytis þar sem óskað er eftir athugasemdum sveitarstjórnar við umsögn Umhverfisstofnunar vegna stjórnslukæru til umhverfissráðherra vegna synjunar á byggingu íbúðarhúsa við Helgavog.
5. Erindi BM ráðgjafar vegna verkefnisins "Blátt áfram".
6. Lagfæringar á vegi í Lúdentaborgir, athugasemdir landeigenda.
7. Erindi Landeigendafélags Reykjahlíðar vegna fasteignagjalda.
8. Útsvarsprósenta ársins 2006.
9. Skipulagsmál.

Mættir: Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Sverrir Karlsson

### 1. Fundarsetning.

Varaoddviti setti fund.

Kristján Stefánsson óskaði eftir að 9. máli yrði bætt á dagskrá.

### 2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit um breytingar sem gera þarf á fjárhagsáætlun ársins. Niðurstöður eru þær að útgjöld vaxa um 2.540 þús umfram tekjur.

**Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2005**

Tekjur				
00-06	Fasteignaskattur		500.000	lækkun
00-30	Aðrir skattar og gj		1.000.000	lækkun
			1.500.000	
Gjöld				
02.	Félagsþjónusta	-	550.000	lækkun
04.	Fræðslumál		650.000	hækkun
05.	Menningarmál		150.000	hækkun
06.	Íþróttá- og æskulýðsmál		1.290.000	hækkun
07.	Brunamál og almannavarnir	-	300.000	hækkun
08.	Hreinlætismál		350.000	hækkun
09.	Skipulags og byggmál		200.000	hækkun
10.	Umferðar og samgöngumál	-	500.000	lækkun
11.	Umhverfismál		1.600.000	hækkun
13.	Atvinnumál	-	1.700.000	lækkun
21.	Sameiginlegur kostn		1.000.000	hækkun
			2.340.000	
41.	Veitur	-	2.700.000	hækkun tekna
57.	leiguíbúðir		1.000.000	hækkun gjalda
			- 1.700.000	
samtals			2.540.000	hækkungjalda umfram tekjur

Samþykkt samhljóða.

**3. Myndavélasafn séra Arnar Friðrikssonar.**

Eins og áður hefur komið fram hefur verið unnið að kaupum á nmyndavélasafni séra Arnar Friðrikssonar. Margir hafa lagt hönd á plóginn við öflun styrkja til kaupanna. Safnið er nú komið í vörslu Skútustaðahrepps og hefur verið að fullu greitt.

Nauðsynlegt er að vinna að því að safnið verði aðgengilegt.

**4. Bréf Umhverfisráðuneytis þar sem óskað er eftir athugasemdum sveitarstjórnar við umsögn Umhverfisstofnunar vegna stjórnarsýslukæru til umhverfisráðherra vegna synjunar á byggingu íbúðarhúsa við Helgavog. Sveitarstjóra falið að svara athugasemdum Umhverfisstofnunar.****5. Erindi BM ráðgjafar vegna verkefnisins “Blátt áfram”.**

Frestað.

**6. Lagfæringar á vegi í Lúdentaborgir, athugasemdir landeigenda.**

Margir landeigendur haft samband við sveitarstjóra og lýst ánægju með fyrirhugaðar framkvæmdir.

Hins vegar hafa borist skriflegar athugasemdir frá þremur landeigendum í Vogum. Í einu tilviki er lýst jákvæðni í garð vegabótanna en í tveimur ekki. Í athugasemdum frá einum landeiganda segir m.a.: “... og samþykki því ekki þessa lagfæringu á þessari stundu.”

Í því ljósi telur sveitarstjórn ekki rétt að ráðast í lagfæringarnar og mun afsala sér þeim styrk til verksins sem viljrði hafði verið gefið um.

#### 7. **Erindi Landeigendafélags Reykjahlíðar vegna fasteignagjalda.**

Borist hefur bréf undirritað af Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. Með bréfinu fylgdi afrit af nýju matsvottorði Fasteignamats ríkisins dags. 1.11. Í bréfinu er óskað eftir að fasteignagjöld af eignum þeim sem fjarlægðar hafa verið af lóð Kísiliðjunnar verði felld niður frá 1. janúar 2005. Í fyrsta lagi voru eignirnar í eigu Kísiliðjunnar til 14. júní 2005 og greiddi Kísiliðjan þau fasteignagjöld sem henni bar fram til þess tíma.

Í öðru lagi sendi byggingafulltrúi Fasteignamati ríkisins ósk um niðurfellingu eigna þeirra er um ræðir hinn 18. október 2005. Því ber að miða við þá dagsetningu verði fasteignagjöld felld niður.

Enn ber þess að geta að Bjarni Bjarnason f.h. Landsvirkjunar hefur staðfest að henni beri að greiða fasteignagjöld til Skútustaðahrepps af þeim eignum sem hún keypti af Landeigendafélagi Reykjahlíðar ehf frá 6. nóv. s.l. að telja. Sveitarstjórn samþykkir að fella niður fasteignagjöld af þeim eignum sem um getur í vottorði embættis byggingafulltrúa frá 18. okt. og felur skrifstofu Skútustaðahrepps að ganga frá málinu. Birkir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

#### 8. **Útsvarsprósenta ársins 2006.**

Lagt er til að útsvarsprósenta verði óbreytt frá fyrra ári þ.e. 13.03%

#### 9. **Skipulagsmál.**

Sveitarstjóra falið að ýta við að vinnu vegna breytinga á aðalskipulagi verði hraðað sem og deiliskipulagi vegna nýrra byggingarlóða í Reykjahlíð.

#### 10. **Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi:**

Í dag sit ég væntanlega síðasta fund minn sem sveitarstjóri Skútustaðahrepps og er hann númer 172 í röðinni. Fyrsti fundur minn sem sveitarstjóri var 9. janúar 1997. Ég hefi því verið sveitarstjóri í 8 ár og 11 mánuði þegar ég læt af störfum n.k. miðvikudag.. Enginn mun hafa gegnt þessu starfi svo lengi til þessa.

Á þessum 172 fundum hafa 23 sveitarstjórnarmenn setið fundi með mér, mismarga að sjálfsögðu. Þeir eru í stafrófsröð:

Áslaugur Haddsson  
 Ásta Lárusdóttir  
 Birkir Fanndal Haraldsson  
 Böðvar Pétursson

Egill Steingrímsson  
 Ellert A. Hauksson  
 Guðrún María Valgeirsdóttir  
 Hinrik Árni Bóasson  
 Hjörleifur Sigurðarson  
 Hólmfríður Ásdís Illugadóttir  
 Hrafnhildur Geirsdóttir  
 Hulda Harðardóttir  
 Ingigerður Arnljótsdóttir  
 Jón Óskar Ferdinandsson  
 Kolbrún Ívarsdóttir  
 Kristján Stefánsson  
 Leifur Hallgrímsson  
 Pálmi Vilhjálmsson  
 Pétur Bjarni Gíslason  
 Sigrún Sverrisdóttir  
 Sverrir Karlsson  
 Þuríður Pétursdóttir  
 Þuríður Snæbjörnsdóttir

Öllu þessu fólki færi ég bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Þegar litið er til baka hefur ekki skugga á borið.

Auk sveitarstjórnarfunda hefi ég setið fjölda nefndarfunda heima fyrir sem ekki verður tölu á komið auk annara funda í héraði og á landsvísu.

Ég, eiginkona mín og fjölskylda höfum átt gjöfular stundir í Mývatnssveit undangengin nýu ár. Þegar í upphafi var okkur vel tekið og höfum við tengst vinaböndum við fjölda fólks sem ekki verða rofin.

Ég hverf sáttur frá störfum mínum í þágu Mývetninga. Ég er ánægður með hvernig til hefur tekist. Ég vona að Mývetningar séu jafnframt sáttir við störf mín. Hvenær sem er í framtíðinni mun ég reiðubúin til að styðja Mývetninga til góðra verka eigi ég þess nokkurn kost.

Bestu kveðjur  
 Sigbjörn Gunnarsson

Fleira ekki gert.  
 Fundi slitið.  
 Jón Óskar Ferdinandsson,  
 Kristján Stefánsson,  
 Birkir Fanndal Haraldsson,  
 Þuríður Snæbjörnsdóttir,  
 Sverrir Karlsson